

Bekkur: 10. bekkur

Námsgrein: Enska (Skólaveturinn 2025-2026)

Kennarar: Haraldur Már Stefánsson og Jón Hrafn Baldvinsson

Tíma fjöldi: 4



Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð

Námsgögn:

Spotlight 10 lesbók Spotlight 10 vinnubók, Ýmis hefti, málfræði, krossgátur og skilningsæfingar - Ýmis forrit - Smásögur og kjörbók.

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Hlustun	Nemandi skal: geta fyrirhafnarlítið tileinkað sér talað mál um margvísleg málefni í kunnuglegum aðstæðum. geta hlustað eftir nákvæmum upplýsingum og valið þær sem skipta máli hverju sinni. geta fylgst með aðgengilegu efni í fjölmiðlum og myndefni sér til gagns og ánægju, unnið úr því og sagt frá. geta tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum á sviði sem fellur innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans.	Leitaraðferð, samræður, hópavinna, verkefnavinna og verkefnaskil, kynning á niðurstöðum verkefna. Sýnikennsla, kvikmyndasýningar, hlustunarefni. Vinnubóka- og blaðakennsla, verklegar æfingar.	Nemendur vinna ýmist í einstaklings- eða hópavinnu og skila niðurstöðum sínum á fjölbreyttan hátt meðal annars í formi ritunar, glærukynningar, plakati, stuttmynd og fleira. Þá er einnig lagt áherslu á hæfni nemandans í töluðu máli með því að notast við munnlegar æfingar/verkefni.
Lesskilningur	Nemandi skal: geta aflað sér lykilupplýsinga úr texta og nýtt í verkefnavinnu. geta lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur við hæfi. geta unnið úr efni smá- og skáldsagna og rökstutt eigin túlkun. geta tileinkað sér lykilhugtök sem tengjast efni annarra námsgreina.		
Samskipti	Nemandi skal: sýna að hann sé vel samræðuhæfur um kunnuleg málefni. geta tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða annarra. geta tekist á við fjölbreyttar samskiptaaðstæður, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum í daglegu lífi, á ferðalögum, í netsamskiptum eða sem gestgjafi.		

Frásögn	Nemandi skal: geta tjáð sig skipulega um efni sem hann þekkir, hefur lesið, hlustað á eða unnið með í námi og brugðist við spurningum. geta flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi. geta samið, æft og flutt frumsamið efni, einn eða með öðrum. geta beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni í framsögn, m.t.t. málnotkunar, framburðar, áherslu, hrynjanda og orðavals.		
Ritun	Nemandi skal: geta skrifað lipran, samfelldan texta um efni sem hann hefur þekkingu á. geta sýnt góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar. geta fylgt hefðum ólíkra textagerða og skapað skýrt samhengi í texta. geta skrifað um eða brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt. geta skrifað fjölbreyttar tegundir texta, bæði formlega og óformlega, í samræmi við tilgang og inntak. geta tjáð skoðanir, tilfinningar, reynslu og þekkingu í rituðu máli. geta notað ímyndunarafl og sköpunargáfu í eigin textagerð.		
Menningarläsi	Nemandi skal: geta sýnt að hann þekki til mannlífs og menningar á enskumælandi svæðum, og gert sér grein fyrir hvað er líkt og ólíkt eigin aðstæðum. hafa nokkra þekkingu á samfélagsgerð og helstu einkennum þjóðfélagsins. geta sýnt skilning á fjölbreyttum uppruna íbúa, staðalmyndum og áhrifum fordóma. ge.		
Námshæfni	Nemandi skal: geta sett sér raunhæf markmið og skipulagt nám sitt markvisst. geta lagt mat á eigin stöðu og námsframvindu, t.d. með sjálfsmati og jafningjamati. geta nýtt fyrri þekkingu og reynslu í nýju samhengi. geta unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til hugmynda annarra. geta tekið frumkvæði, sýnt ábyrgð og verið leiðandi þegar við á. geta tekið gagnrýni og leiðsögn á uppbyggilegan hátt.		
Lykilhæfni – tjáning og miðlun	Nemandi skal: geta notað fjölbreyttan orðaforða og viðeigandi hugtök þegar hann miðlar efni, skoðunum og hugmyndum.		
Lykilhæfni – sjálfstæði og samvinna	Notkun fjölbreyttra verkefna: ritunarverkefni, glærukynningar, plaköt, stuttmyndir, munnleg verkefni og skapandi verkefni.		

Lykilhæfni – nýting miðla og upplýsinga	Nemandi skal: geta nýtt sér miðla til að vinna verkefni.		
Lykilhæfni – ábyrgð og mat á eigin vinnu	Nemandi skal: geta sýnt ábyrgð í meðferð heimilda og gagna.		